

Fimmtudaginn 14. janúar 1988.

Nr. 13/1988. **Ákærvaldið**

gegn

**Anthony Lee Bellere**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 kært mál þetta til Hæstaréttar hinn 7. þ.m. Krefst hann þess aðallega að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að varðhaldstíminn verði stytur.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins. Er í því sambandi vísað bæði til 3. og 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974.

Gögn málsins bera ekki með sér, að ástæða sé til að varnaraðili sæti gæsluvarðhaldi á grundvelli 3. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974, en með vísan til 5. tl. þessarar málsgreinar ber að staðfesta hinn kærða úrskurð, þó þannig, að varðhaldstíminn verði allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 kl. 16:00.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### **D ó m s o r ð:**

Varnaraðili, Anthony Lee Bellere, sæti gæsluvarðhaldi allt til mánudagsins 29. febrúar 1988 kl. 16:00.

Kærumálskostnaður fellur niður.

### **Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 7. janúar 1988.**

Ár 1988, fimmtudaginn 7. janúar er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Júlíusi B. Georgssyni fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur gert þá kröfu, að gæsluvarðhald er Anthony Lee Bellere, fæddum 03.09. 1966, Bárugötu 22, Reykjavík, var gert að sæta með úrskurði dómsins, uppkveðnum 31. f.m. til dagsins í dag, verði framlengt frá lokum fyrri úrskurðar allt til miðvikudagsins 30. mars nk. kl. 16:00.

Að undanfögnu hafa verið framin fjölmörg innbrot og þjófnaðir í fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu og í Árnassýslu. Að kröfu RLR, sem vinnur að rannsókn málanna, var kærði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi í þágu rannsóknar þessara mála frá gamlársdegi sl. til dagsins í dag.

Við yfirheyrslu á gamlársdag viðurkenndi kærði fjóra innbrotspjófnaði sem hann framdi ásamt tveimur piltum. Meðan kærði sætti gæsluvarðhaldinu viðurkenndi kærði að hann ætti aðild að fleiri innbrotspjófnum sem átt hafi sér stað í nóvember og desember sl. Er hér um að ræða innbrot og þjófnað úr heildverslun Herlufs Clausen, Bröttugötu 3b, Reykjavík, innbrot og þjófnað í Litlu Kaffistofuna í Svinahrauni, þar sem stolið var sælgæti, vindlingum og fleiru, innbrot í veitingaskálan Messann í Þorlákshöfn, innbrot og tilraun til þjófnaðar á hljómflytningstækjum úr leigubifreið sem stóð við Hverfisgötu 40, Reykjavík. Hefur kærði jatað að hann hafi staðið ýmist einn eða í félagi með kunningjum sínum að umræddum þjófnaðarbrotum. Hefur hann greint frá því, að hann hafi tekið í heimildarleysi sex bifreiðar sem notaðar voru við brotastarfsemina.

Hjá sakadómi Reykjavíkur er til meðferðar mál þar sem kærða er gefið að sök skjalafals, en fram kemur í greinargerð RLR að þar séu til meðferðar 18 kærúmál á hendur honum.

Sakavottorð kærða ber með sér að brotaferill hans er svo til óslitinn frá 1982. Hann hóf hinn 7. október 1986 afplánun refsíðoms, en var veitt reynslulausn á eftirstöðvum refsinga. Hinn 30. júní sl. varð hann uppvis að skjalafalsi og rauf með því framangreinda reynslulausn. Lauk hann afplánun hinn 28. október sl. en frá þeim tíma sýnist brotaferill kærða vera óslitinn. Með brotastarfseminni hefur hann komist yfir talsverð verðmæti, en um leið hefur mikið tjón hlotist af.

Af því sem nú hefur verið rakið þykir verða að telja, að kærði sé síbrotamaður. Verulegar líkur hljóta því að vera á, að hann muni halda áfram brotastarfsemi verði hann látinn laus nú.

Með vísan til framanritaðs og 5. t. l. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að úrskurða að kærði skuli sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi eins og krafist er, þ.e. allt til miðvikudagsins 30. mars nk. kl. 16:00, en brot þau sem kærði er hér sakaður um geta varðað hann fangelsisrefsingu skv. 244. og 1. mgr. 259. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð :

Kærði, Anthony Lee Bellere, skal sæta áframhaldandi gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 30. mars 1988 kl. 16:00.